



## Félag háskólakennara

### 7. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 8. nóvember 2023 kl. 11:45, Aðalbygging stofa-148

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Davíðsdóttir, og Arngrímur Vídalín. Jóna Margrét Ólafsdóttir og Ármann Höskuldsson boðuðu förföll. Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 4. október 2023.
2. Samráðsnefndarfundur 31. okt. sl./kjaramál
  - i. tp. 31. okt. frá félagsmanni vegna rannsóknareiknings.
  - ii. könnun akademískra og stjórnsýslu.
  - iii. umsögn um reiknilíkan.
  - iv. bréf til rektors vegna „skúffuskjals“.
  - v. Svar fjármálaráðuneytisins við ósk um fundartíma.
3. 7. gr. vinnan.
4. Erindi frá Jafnréttisnefnd BHM, dags. 2. nóv. 2023.
5. Fundur um stundakennara með BHM, dags. 6. okt. 2023
6. Fundur með GHS (LBS) vengna rannsóknamissis sérfræðinga.
7. HERA, staðan og námskeið dags. 19. okt. sl.
8. Húsnæðismál, flutningur í B27.
  - Svar frá hagfr. BHM vegna nýtingu 0,1% gjaldsins, dags. 19. okt. 2023.
  - ÁH á norræna fund 7. nóv.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 4. október 2023

Fundargerð var samþykkt.

#### 2. Samráðsnefnd/kjaramál

Baldvin sagði frá fundi samráðsnefndar um kjaramál dags. 31. október 2023. Þar var m.a. ákveðið að fella þær breytingar sem gerðar hafa verið á stofnanasamningi Fh og HÍ inn í heildarútgáfu hans. Rætt um stofnanasamning Raunvísindastofnunar og stöðu rannsóknamissis sérfræðinga stofnunarinnar. Aðlögun á reglum vinnumatssjóðs, samgöngustyrki, símamál og verkáætlun í kjarasamningi félagsins m.t.t. fylgiskjals 1 fyrir þá hópa sem vinna eftir sérstökum reglum um skiptingu starfsskyldna milli starfsþátta.

- i. Rætt um almennt um rannsóknareikninga akademískra starfsmanna vegna tölvupósts frá félagsmanni. Ákveðið að taka upp á næsta samráðsnefndarfundum, þann 14. nóv. nk.
- ii. Jens fór yfir niðurstöðu á hrágögnum á könnun akademískra starfsmanna. Könnun meðal starfsmanna stjórnsýslu var send út í vikunni.
- iii. Baldvin sagði að frestur til að skila umsögn vegna tillagna um breytingu reiknilíkans hafi verið lengdur. Hann óskaði eftir því stjórn skoði drögin og komi með tillögu til breytinga ef einhverjar eru.
- iv. Ákveðið var að stjórn félagsins óski eftir fundi með rektor til að ræða stöðu svokallaðs skúffuskjals.
- v. Samninganaefnd ríkisins (SNR) hefur lagt til fundartíma að ósk félagsins. Ákveðið að óska eftir fund með SNR föstudaginn 17. nóv.

### **3. 7. gr. vinna**

Engar fréttir hafa borist um stöðu mála nýlega.

### **4. Erindi frá Jafnréttisnefnd BHM, dags. 2. nóv. 2023**

Málið rætt og ákveðið að félagið svari erindi nefndarinnar.

### **5. Fundur með formanni BHM um stundakennara**

Baldvin sagði frá fundi sem hann og Helga Birna áttu með formanni og hagfræðingi BHM, vegna stundakennara. Formaður BHM ætlar að taka málið upp við ráðherra Háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra (HVIN).

### **6. Fundur með GHS frá Landsbókasafni.**

Baldvin sagði frá fundi með Guðrúnu Halldóru frá Landsbókasafni vegna stöðu á fjármögun rannsóknamissera sérfræðinga á stofnunum. Samkvæmt svari ráðherra HVIN til Keldna er ljóst að óvissa er um fjármögnun rannsóknamissera sérfræðinga til framtíðar. Sambærilegt svar hefur ekki borist til Landsbókasafns eða Árnastofnunar. Ákveðið var að félagið taki máli upp við ráðuneytin þegar formleg svör hafa borist.

### **7. Hera, nýtt starfsmatskerfi**

Baldvin sagði frá námskeiði sem fjórir fulltrúar félagsins sóttu ásamt fulltrúa HÍ vegna nýs starfsmatskerfis frá Bretlandi sem HÍ hefur verið að skoða og keypt tilskilin leyfi. Stjórn sammála um að taka þátt í vinnunni áfram, með gagnrýnum augum.

### **8. Húsnæðismál félagsins**

Framkvæmdastjóri sagði frá því að vegna framkvæmda á Hótel Sögu, þar sem félagið hefur haft aðstöðu frá árinu 2014, flutti félagið aðstöðu sína í ágúst sl.í Grósku. Gerður var samningur um skrifborðsaðstöðu með eins mánaða uppsagnarfresti þann 8. ágúst síðastliðinn. Þeim samningi var sagt upp þann 25. ágúst 2023. Á þeim í tímapunkti stóð til að félagið flytti aðstöðu sína í Borgartún 6, þar sem BHM hafði sitt aðsetur. Í september var ljóst að af þeim flutningi yrði ekki þar sem mygla hafði þá greinst í húsinu og BHM flutti sína aðstöðu í Bogartún 31. Framkvæmdastjóri hafði þá strax samband við forráðamenn Grósku og úr varð að félagið gerði samning þann 29. september sl. um leigu 11 fm skrifstofurými, með 3ja mánaða uppsagnarfresti.

Í október sl. höfðu nokkur aðildarfélög BHM samband við framkvæmdastjóra Félags háskólakennara vegna hugsanlegrar yfirtöku leigusamninga í 2. hæð í Borgartúni 27. Hlutirnir gerðust mjög hratt og í lok mánaðarins var undirritaður leigusamnings 10 stéttarféлага á hæðinni og var Félag háskólakennara þar á meðal.

Samningi félagsins við Grósku á 11 fm. skrifstofurými var sagt upp þann 27. október sl. Þar sem uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir, mun félagið þurfa að greiða leigu fyrir bæði rýmin í nóvember, desember og janúar.

Leigusamningur á 2. hæð í Borgartúni 27 er til 1 og hálfis árs, en á sama tíma er unnið að því að aðildarfélög BHM geri nýjan leigusamning á 3ju hæð í sama húsi. Staðan er sú að arkitektar eru að teikna félögin inn í rýmið, en ekki hefur verið rætt um kostnað á þessu stigi.

Fleira ekki gert og fundi lauk um kl. 13:15.

Næsti fundur ákveðinn 6. desember 2023, kl. 11:45.